



## Mikilvægi opinberra fjármála – samneysla og opinber fjárfesting

*Nýlega birti Hagstofa Íslands fyrstu tölur um þjóðhagsreikninga ársins 2021. Þáttur hins opinbera í hagkerfinu var mjög áberandi og mikilvægur á tíma kórónuveirufaraldurins, en heldur dró úr á árinu 2021.*

### Aukning samneyslu mikil síðustu ár

Hluttur samneyslu af vergri landsframleiðslu (VLF) jókst mikið á árinu 2020 og var 27,8%, en auðvitað kemur hluti til vegna lækkunar VLF á árinu.

Raunhækkun samneyslu var líka óvenju mikil á árunum 2018-2020, en alls hækkaði hún um 13,4% á þessum árum, eða um 3,4% að meðaltali á ári. Aukning samneyslunnar á árinu 2020 var því ekki meiri en árin á undan, en hún hélt sjó og vel það á meðan aðrar stærðir í hagkerfinu gáfu eftir.


Samneyslan hækkaði svo um 1,8% að raungildi á árinu 2021 og var þá 27,4% af VLF.

### Samneysla óvenju mikil í sögulegu samhengi

Meðalhluttur samneyslu af VLF frá aldamótum er 24,5%. Hlutfallið 2020 og 2021 er því hátt í sögulegu samhengi. Samneyslan þróaðist líka með allt öðrum hætti í kórónukreppunni en var í fjármálakreppunni á árunum eftir 2008. Þannig minnkaði samneyslan að raungildi um 7,7% á árunum 2009-2012, en breytingin var svipuð og gildi um landsframleiðsluna alla, þannig að hlutfall samneyslu af VLF lækkaði ekki mikið á þessum árum. Hlutfallið lækkaði hins vegar á árunum á eftir þegar aukning samneyslu varð minni en annarra stærða í landsframleiðslunni.


Hið opinbera hefur tekið á sig miklar byrðar á síðustu árum og safnað töluverðum skuldum. Á það sérstaklega við um ríkissjóð. Það má því búast við því að frekar dragi úr áhrifum samneyslunnar á landsframleiðsluna á næstu árum frekar en hitt. Seðlabankinn spáir t.d. 1,7% meðaltalsaukningu samneysla á ári næstu 3 ár á sama tíma og landsframleiðslan eykst mun meira. Hluttur samneyslu af VLF mun því minnka á næstu árum.

Samneysla á verðlagi ársins 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Raunbreyting samneyslu milli ára



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



## Opinber fjárfesting jókst loksins í fyrra

Fjárfesting hins opinbera jókst um 12,4% milli 2020 og 2021 og var 4,1% af VLF. Næstu tvö ár þar á undan hafði opinber fjárfesting dregist saman um 12,5%. Raungildi opinberra fjárfestinga var því svipað á árinu 2021 og var á árinu 2018.

Meðaltal opinberrar fjárfestingar af VLF var 3,8% frá 2000 til 2021 þannig að fjárfestingarstigið í fyrra var eilítið hærra en meðaltalið eftir að hafa verið mun lægra en árin tvö þar á undan.

## Miklar sveiflur í opinberri fjárfestingu

Frá aldamótum hefur raungildi opinberrar fjárfestingar aukist um 3% á ári að meðaltali. Sveiflurnar eru hins vegar mjög miklar. Mest jókst opinber fjárfesting um tæp 39% á árinu 2018 og mest minnkaði hún um rúm 40% á árinu 2012. Frá aldamótum hefur opinber fjárfesting minnkað 11 sinnum milli ára.

## Fjárfestingaráttak sem ekki raungerðist

Á árinu 2019 boðaði ríkisstjórnin mikið fjárfestingaráttak sem einkum átti að beinast að innviðum og átti að koma inn á tímum þegar ætla mætti að draga myndi verulega úr fjárfestingu atvinnuveganna. Þetta áttak náði því miður aldrei því flugi sem því var ætlað sem m.a. má sjá á því að fjárfestingin minnkaði bæði 2019 og 2020.

## Markviss áætlanagerð nauðsynleg


Ein ástæða þess að margnefnt fjárfestingaráttak náði ekki tilætluðum árangri var skortur á undirbúningi og langtímahugsun. Þau verkefni sem opinber fjárfesting fæst við eru oft flókin og þarfnast langs og mikils undirbúnings. Þar koma inn þættir eins og umhverfismat og þar að auki rekast opinberar framkvæmdir á hagsmuni margra. Marviss undirbúningur og langtímahugsun skipta því verulegu máli í þessu sambandi.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

## Opinber fjárfesting á verðlagi ársins



## Raubreyting opinberrar fjárfestingar

